

# Fjármálalæsi unglunga á efsta stigi grunnskóla

8. apríl 2014

Klara Guðbjörnsdóttir

|                                  |  |
|----------------------------------|--|
| <i>Staður</i>                    | <i>Háskólinn á Akureyri</i>                                    |
| <i>Deild</i>                     | <i>Viðskiptadeild</i><br><i>Viðskipta- og raunvísindasviðs</i> |
| <i>Námskeið</i>                  | <i>LOK2106</i>   |
| <i>Heiti verkefnis</i>           | <i>Fjármálalæsi unglunga á efsta stigi grunnskóla</i>          |
| <i>Verktími</i>                  | <i>janúar – apríl 2014</i>                                     |
| <i>Nemandi</i>                   | <i>Klara Guðbjörnsdóttir</i>                                   |
| <i>Leiðbeinandi</i>              | <i>Stefán B. Gunnlaugsson</i>                                  |
| <i>Upplag</i>                    | <i>Tvö prentuð eintök og eitt rafrænt eintak</i>               |
| <i>Blaðsíðufjöldi</i>            | <i>58</i>  |
| <i>Fjöldi viðauka</i>            | <i>1</i>   |
| <i>Útgáfu- og notkunarréttur</i> | <i>Ritgerðin er öllum opin</i>                                 |

# Yfirlýsing

„Ég lýsi því yfir að ég ein er höfundur þessa verkefnis og það er afrakstur eigin rannsókna.“

---

Klara Guðbjörnsdóttir

„Það staðfestist að verkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til námsmats í námskeiðinu LOK2106.“

---

Stefán B. Gunnlaugsson

## Abstract

This is a final thesis for a Bachelor of Science degree in business administrations at the University of Akureyri. The focus is on financial literacy among Icelandic teenage children in primary school, in Reykjavík. One of these two schools participates in an experimental project in cooperation with the Ministry of Education and culture. Objective of the experimental project is to increase financial education in primary- and preschools. The other school teaches the general curriculum for primary schools.

Financial literacy has been given more importance by financial institutions and the public has become more aware of its importance. Financial literacy is involved in the daily lives of individuals and affects their quality of life.

The thesis can be divided into two parts, first part includes the theoretical discussion of financial literacy and the findings of previous research, domestic and foreign. The second part is an analysis of the results of quantitative research, where they are interpreted and recommendations for improvements submitted.

The two research questions were:

- Is there need to enhance the teaching of financial literacy among teenage children in primary school?
- Are students aware of the cost of clothes and other things they use daily?

The results showed that financial literacy among youth in primary schools is not acceptable. A survey was conducted and the average score of students in it was 4.8 at the school participating in the experiment and 4.7 in the other one. Ratings increased with age and knowledge of the various concepts related to finances also. To further enhance the knowledge teaching needs to be increased immediately and start with the youngest preschoolers. Decent learning material exists but is needed to increase the diversity and adapt to the different ages of children and young people.

Governments need to mark a clear policy on these issues.

Keywords:

Business, financial literacy, teenage children and finance.

## Þakkarorð

Nú er ég kominn á þann stað sem ég sá ekki fyrir að ég kæmist nokkurn tímann á þegar ég hóf þetta tímabil, ég er að klára háskólanám. Þessi ár hafa verið krefjandi og erfið, reyndar svo erfið á köflum að mig hefur oftár en einu sinni og oftár en tvisvar langað að hætta. Útskriftin er því mikill persónulegur sigur og verður það ánægjulegt að komast út í atvinnulífið á nýjan leik. Ég lít björtum augum fram á veginn og hlakka til að takast á við ný tækifæri á nýjum vettvangi.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim sem aðstoðuðu mig við gerð þessarar skýrslu:

- Ég vil byrja á að þakka fjölskyldunni minni fyrir þolinmæðina og skilninginn sem þau hafa sýnt mér í öll þessi ár sem námið er búið að taka. Einnig vil ég sérstaklega þakka dætrum mínum Írisi og Viktoríu fyrir aðstoðina við könnunina. Íris mín takk fyrir að leyfa mér að prófa spurningarnar á þér og Viktoría takk fyrir að hjálpa mér þegar ég var að prenta út og hefta saman könnunina.
- Ég vil þakka skólastjórnendum og nemendum Hagaskóla og Réttarholtsskóla fyrir að taka þátt í þessu verkefni með mér. Án þeirra hefði þetta verkefnið ekki orðið til.
- Ég vil þakka leiðbeinanda mínum Stefáni B. Gunnlaugssyni fyrir veitta aðstoð og góða leiðsögn.
- Ég vil þakka Sigfríði Guðjónsdóttur og Svanborgu systur minni fyrir yfirlesturinn og gagnrýnina.

Reykjavík, 8. apríl 2014

Klara Guðbjörnsdóttir

## Útdráttur

Þessi skýrsla fjallar um fjármálalæsi íslenskra unglunga á efsta stigi grunnskóla, í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Annar skólinn er þátttakandi í tilraunaverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aukna fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Hinn skólinn kennir eftir aðalnámskrá grunnskólanna.

Það hefur orðið vitundarvakning í þjóðfélaginu og fjármálalæsi hefur verið gefið meira vægi og fjármálastofnanir og almenningur eru orðinn meðvituð um mikilvægi þess. Fjármálalæsi kemur við sögu í daglegu lífi einstaklinga og hefur áhrif á lífsgæði þess.

Skýrslan skiptist í tvo hluta og er fyrri hlutinn fræðileg umfjöllun um fjármálalæsi og niðurstöður eldri rannsókna, bæði innlendra og erlendra. Seinni hlutinn er greining á niðurstöðum meginlegrar rannsóknar, þar sem þær eru túlkaðar og tillögur að úrbótum lagðar fram.

Settar voru fram eftirfarandi tvær rannsóknarspurningar:

- Þarf að efla kennslu í fjármálalæsi meðal unglunga í efstu stigum grunnskóla?
- Gera nemendur sér grein fyrir því hvað föt og annað sem þau nota daglega kostar?

Niðurstöðurnar sýndu að fjármálalæsi meðal unglunga á efsta stigi grunnskóla er ekki í viðunandi horfi. Könnun var gerð og meðaleinkunn nemenda í henni var 4,8 hjá Hagaskóla og 4,7 hjá Réttarholtsskóla. Með hækkandi aldri hækkuðu einkunnir og jafnframt jókst þekking þeirra á ýmsum hugtökum tengdum fjármálum. Til að auka vitneskju enn frekar þarf að koma til aukin kennsla í fjármálalæsi strax í grunnskóla og halda áfram með það í framhaldsskóla. Ágætis námsefni er til staðar en það þarf að auka fjölbreytnina og aðlaga það mismunandi aldri barna og ungs fólks. Stjórnvöld þurfa að marka skýra stefnu í þessum málaflokki.

Lykilorð:

Fjármálalæsi, viðskipti, unglingar og fjármál.

# Efnisyfirlit

|     |  |    |
|-----|--|----|
| 1   | Inngangur.....                                     | 1  |
| 2   | Fjármálalæsi.....                                  | 2  |
| 2.1 | Hugtakið.....                                      | 2  |
| 2.2 | Innlendar rannsóknir.....                          | 3  |
| 2.3 | Erlendar rannsóknir.....                           | 5  |
| 3   | Fjármálakennsla á Íslandi.....                     | 11 |
| 3.1 | Aðalnámsskrá grunnskóla.....                       | 11 |
| 3.2 | Aðalnámsskrá Framhaldsskóla.....                   | 13 |
| 3.3 | Tilraun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins..... | 14 |
| 3.4 | Stofnun um fjármálalæsi.....                       | 15 |
| 3.5 | Önnur fjármálakennsla.....                         | 16 |
| 4   | Rannsóknaraðferð.....                              | 20 |
| 4.1 | Hönnun spurningalista.....                         | 20 |
| 4.2 | Framkvæmd könnunar og takmarkanir.....             | 21 |
| 5   | Greining niðurstaðna.....                          | 22 |
| 5.1 | Hugtök í fjármálum.....                            | 24 |
| 5.2 | Skilgreiningar á fjármálum.....                    | 26 |
| 5.3 | Athafnir í daglegu lífi.....                       | 28 |
| 5.4 | Almennar spurningar.....                           | 30 |
| 6   | Umræður og tillögur til úrbóta.....                | 36 |
| 7   | Niðurstöður.....                                   | 40 |
|     | Heimildaskrá.....                                  | 42 |
|     | Ritaðar heimildir.....                             | 42 |
|     | Rafrænar heimildir.....                            | 43 |
|     | Munnlegar heimildir.....                           | 44 |
|     | Viðauki 1.....                                     | 45 |

# Myndaskrá

|  |           |
|--|-----------|
| <i>Mynd 1 Hlutfall réttra svara .....</i>                    | <i>7</i>  |
| <i>Mynd 2 Meðaleinkunn, skólar .....</i>                     | <i>23</i> |
| <i>Mynd 3 Meðaleinkunn, stelpur og strákar .....</i>         | <i>23</i> |
| <i>Mynd 4 Meðaleinkunn, bekkir og skólar .....</i>           | <i>24</i> |
| <i>Mynd 5 Hugtakalisti, skólar .....</i>                     | <i>25</i> |
| <i>Mynd 6 Hugtakalisti, kyn.....</i>                         | <i>26</i> |
| <i>Mynd 7 Þekking á fjármálaskilgreiningum, skólar .....</i> | <i>27</i> |
| <i>Mynd 8 Þekking á fjármálaskilgreiningum, kyn.....</i>     | <i>27</i> |
| <i>Mynd 9 Kostnaður við daglegar athafnir, skólar .....</i>  | <i>29</i> |
| <i>Mynd 10 Kostnaður við daglegar athafnir, kyn .....</i>    | <i>29</i> |
| <i>Mynd 11 Upplýsingar um fjármál, skólar .....</i>          | <i>31</i> |
| <i>Mynd 12 Upplýsingar um fjármál, kyn.....</i>              | <i>31</i> |
| <i>Mynd 13 Viltu meiri kennslu í fjármálum, skólar .....</i> | <i>32</i> |
| <i>Mynd 14 Viltu meiri kennslu í fjármálum, kyn .....</i>    | <i>32</i> |
| <i>Mynd 15 Viltu meiri kennslu í fjármálum, bekkir .....</i> | <i>33</i> |
| <i>Mynd 16 Nám sem foreldrar hafa lokið, skólar .....</i>    | <i>34</i> |
| <i>Mynd 17 Hefurðu verið í launaðri vinnu, skólar .....</i>  | <i>34</i> |
| <i>Mynd 18 Hefurðu verið í launaðri vinnu, kyn .....</i>     | <i>35</i> |
| <i>Mynd 19 Hefurðu verið í launaðri vinnu, bekkir .....</i>  | <i>35</i> |

# Töfluskrá

|   |           |
|---|-----------|
| <i>Tafla 1 Fjöldi þátttakenda .....</i>   | <i>22</i> |
| <i>Tafla 2 Rétt svör um fjármál, samanburður bekkja og skóla .....</i>                      | <i>28</i> |
| <i>Tafla 3 Rétt svör um kostnað við daglegar athafnir, samanburður bekkja og skóla.....</i> | <i>30</i> |



# 1 Inngangur

Rannsóknnum ber saman um að mikið vanti upp á að fjármálalæsi Íslendinga teljist viðunandi. Þetta vandamál einskorðast þó ekki aðeins við Ísland heldur er þetta þekkt vandamál víða um heim. Það ætti ekki að vera feimnismál að ræða um fjármál við börn og unglunga. Stór hluti íslenskra barna byrja sinn atvinnuferil árið sem þau klára 8. bekk eða í kringum 15 ára. Þá ættu þau að hafa fengið einhverja grunnfræðslu. Kostnaður við daglegar athafnir og þá hluti sem notaðir eru á degi hverjum eru börnum og unglingum sjaldnast ofarlega í huga. Þau vita hvað þau vilja og oftast en ekki hver á að útvega þeim þessa hluti.

Áhugi skýrsluhöfundar á þessu efni kviknaði út frá verslunarferð með ungum fjölskyldumeðlim, það kom á óvart hversu litla tilfinningu hann hafði fyrir verði hluta og þjónustu. Hvort þessi litla verðvitund er áhugaleysi eða eitthvað annað skal ósagt látið. Út frá þessum vangaveltum spratt hugmyndin að verkefninu um fjármálalæsi unglunga á efsta stigi grunnskóla. Þegar unnið var að verkefninu kom í ljós að meiri fræðsla var í boði en skýrsluhöfundur hafði hugmynd um.

Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna stöðu fjármálalæsis meðal barna á efsta stigi grunnskóla í Reykjavík.

Rannsóknarspurningarnar eru:

- Þarf að efla kennslu í fjármálalæsi meðal unglunga í efstu stigum grunnskóla?
- Gera nemendur sér grein fyrir því hvað föt og annað sem þau nota daglega kostar?

Til að svara rannsóknarspurningunum var gerð könnun meðal nemenda á efsta stigi grunnskóla í tveimur skólum í Reykjavík.

Rýnt verður í fjármálakennslu á Íslandi. Farið verður yfir aðalnámsskrá grunn- og framhaldsskóla og þá fjármálakennslu sem stendur til boða hjá bönkum og öðrum stofnunum. Að lokum verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar sem og tillögur til úrbóta lagðar fram.

## 2 Fjármálalæsi

Bæði OECD (Efnahags- og framfarastofnunin) og ESB (Evrópusambandið) hafa lýst áhyggjum sínum af of litlu fjármálalæsi almennings. Báðar stofnanirnar benda á mikilvægi þess að úr því verði bætt, ekki síst meðal barna og unglinga. Geta almennings til að taka upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar og sparnað er takmörkuð. Fjármálaþjónustan er mun flóknari en áður var og erfiðara að fylgjast með örum breytingum sem stöðugt verða á þeim vettvangi. Mikilvægt er að heimilin átti sig á áhættu mismunandi leiða í lántöku og sparnaði og læri að þekkja hagstæðustu leiðirnar með tilliti til framtíðartekna og greiðslugetu sinnar (Margrét Sæmundsdóttir, Jóna Björk Guðnadóttir, Ásta S. Helgadóttir, Matthildur Sveinsdóttir, Stefán Jóhann Stefánsson og Sölvi Sveinsson, 2009, bls. 3).

Þrátt fyrir mikinn og vaxandi áhuga á rannsóknum á fjármálalæsi á alþjóðavísu eru fáar rannsóknir sem gerðar hafa verið í mörgum löndum samtímis. Erfitt reynist því að bera saman niðurstöður milli landa (Nicolini, Cude og Chatterjee, 2012, bls. 689). OECD hefur nú þróað staðlaða könnun sem hægt er að nota í ólíkum löndum heims, könnunin er hönnuð með það í huga að spurningarnar verði spurðar augliti til auglitis eða í símakönnun (Atkinson og Messy, 2012, bls. 4).

### 2.1 Hugtakið

Fjármálalæsi (e. financial literacy) er lítið þekkt hugtak, þó að flestir ef ekki allir einstaklingar sem eru fjárhagslega sjálfstæðir hafi not af því í daglegu lífi. Aukið fjármálalæsi mun bæta lífskjör neytenda og einnig hjálpa til við að ná stöðugleika á fjármálamörkuðum og í efnahagslífinu. (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 6).

OECD (2005, bls. 26) skilgreinir fjárhagslega menntun sem ferli þar sem neytendur bæta skilning sinn á fjármálum og hugtökum þeim tengdum. Þeir læra að taka upplýstar ákvarðanir varðandi fjármál sín með það að markmiði að bæta fjárhagslega velferð sína. Í ferlinu er notast við hlutlausar upplýsingar, leiðbeiningar og ráðgjöf til að gera neytendur meðvitaðri og hæfari til að kynna sér það sem þeim stendur til boða í fjármálum.

Breki Karlsson (2010, bls. 6) forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi skilgreinir fjármálalæsi sem getuna til að lesa, greina, stjórna og fjalla um þá fjárhagslegu þætti sem hafa áhrif á velferð einstaklinga. Sú geta felur í sér að greina valkosti í fjármálum og fjalla um peninga án vandkvæða. Ásamt því að geta gert framtíðaráætlanir og brugðist við breyttum forsendum af skynsemi. Einnig segir hann að fjármálalæsi byggji á þekkingu, viðhorfum og hegðun sem hafi áhrif hvert á annað.

Fjögur helstu atriði fjármálalæsis eru:

1. Að eyða minna en þú aflar.
2. Láta peningana vinna þér í hag.
3. Búa þig undir óvænta atburði.
4. Peningar eru ekki allt.

(Breki Karlsson, 2010 bls. 65).

## 2.2 Innlendar rannsóknir

Rannsókn á fjármálalæsi íslenskra framhaldsskólanema var gerð árið 2005. Sú rannsókn var liður í lokaverkefni í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Rannsóknin var gerð á 658 nemendum á 18. aldursári í 15 íslenskum framhaldsskólum.

Helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar voru að framhaldsskólanemar væru ekki vel að sér í fjármálum. Þó að niðurstaðan væri slæm kom fram að tæpur helmingur þátttakenda hafði mikinn eða mjög mikinn áhuga á frekari fræðslu í fjármálum. Þeir nemendur sem unnu mest með námi voru betur staddir í fjármálalæsi en þeir sem unnu minna eða ekki neitt. Karlar stóðu sig einnig betur en konur. Marktækur munum var á þekkingu þátttakenda á einstökum þáttum fjármála, þar skipti viðskiptabanki viðkomandi miklu máli. Einnig kom í ljós að jákvæð fylgni var milli menntunar föður og fjármálalæsis unglings (Stofnun um fjármálalæsi - b, e.d.).

Í febrúar árið 2009 kom út skýrsla nefndar á vegum þáverandi viðskiptaráðherra Björgvins G. Sigurðssonar um fjármálalæsi á Íslandi. Nefndin var skipuð í ágúst 2008 og var henni ætlað að kanna stöðu fjármálalæsis á Íslandi. Hún átti að meta þörf á aðgerðum til bættrar þekkingar

og skilnings á þjónustu fjármálafyrirtækja og koma með tillögur að aðgerðum. Í nefndinni sátu fulltrúar viðskiptaráðuneytisins, Samtaka fjármálafyrirtækja, Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, Neytendastofu, Seðlabanka Íslands og Menntamálaráðuneytisins (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 1).

Í úrtaki rannsóknarinnar voru 966 Íslendingar á aldrinum 18 – 80 ára, svör fengust frá 622 eða 65% af heildarfjölda úrtaksins. Könnunin innihélt 16 spurningar sem ætlað var að kanna þekkingu og hegðun einstaklinga í fjármálum. Rétt svör um þekkingu á fjármálum bárust frá rúmlega 53% svarenda. Heildarniðurstöður þekkingarspurninga sýndu marktækan mun eftir menntun og tekjum. Þeir einstaklingar sem lokið höfðu háskólaprófi stóðu sig betur en þeir sem höfðu styttri menntun að baki, það er framhaldsskólapróf og/eða grunnskólapróf. Þá skorðu tekjulægstu (þeir sem höfðu minna er 200.000 kr. á mánuði) einstaklingarnir lægra í þekkingarhlutanum samanborið við aðra tekjuhópa. Marktækur munur var á meðaltali aldurshópa, elstu og yngstu hóparnir komu lakar út. Þekking karla var meiri en kvenna og fólk í hjónabandi eða í sambúð vissu meira en einhleypir.

Rúmlega 63% þátttakenda sögðust leggja fyrir í séreignarlífeyrissparnað og 60% áttu sérstakan varasjóð til að takast á við óvænt útgjöld. Um 37% svarenda sögðust vera með nýtta yfirdráttarheimild og var upphæð yfirdráttarins að meðaltali rúmar 350.000 kr. Þá sögðu 18% þátttakenda að þeir hefðu mjög litlar eða nánast engar áhyggjur af fjármálum sínum meðan tæp 51% svarenda töldu mjög litlar eða nánast engar líkur vera á því að þeir gætu borgað skuldir á réttum tíma á næstu 6 mánuðum. Niðurstöður rannsóknarinnar voru í samræmi við sambærilegar erlendar rannsóknir.

Niðurstaða nefndarinnar var því sú að brýn þörf væri á aðgerðum til útbóta og að fjármálalæsi Íslendinga væri ábótavant.

Það er mat nefndarinnar að kennsla í fjármálalæsi þurfi að hefjast við fyrsta tækifæri í grunnskólum landsins. Nefndin telur mikilvægt að námsefnið nái m.a. til fræðslu á áhættu, öryggi og ábyrgð í fjármálum. Nefndarmenn hafa einnig af því töluverðar áhyggjur að þeir kennarar sem taki að sér kennslu í fjármálalæsi séu ekki nægilega hæfir til þess. Nefndin stingur því upp á að þeir sitji námskeið og fái nauðsynlega þjálfun í að kenna námsefnið. Í framhaldinu hefur Menntamálaráðuneytið hafið vinna við nýja námsskrá fyrir öll skólastigin og í henni segir að allir nemendur fái menntun í fjármálum, bæði í

stærðfræði og almennri hæfni sem snertir þátttöku í nútíma samfélagi (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 24 – 28).

Árið 2011 stóðu Stofnun um fjármálalæsi og sálfræðisvið viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík að rannsókn á fjármálalæsi Íslendinga. Rannsóknin náði til Íslendinga á aldrinum 18-80 ára og var jöfn dreifing á milli kynja og búsetu. Úrtakið var 852 einstaklingar og var svarhlutfallið 65%. Spurningalistinn var gerður úr 9 spurningum um viðhorf til fjármála og 18 spurningum um fjármálahegðun. Spurningar um almenna þekkingu voru 20 talsins og bakgrunnsspurningar voru 9. 18 af þessum spurningum voru samanburðarhæfar við aðra rannsókn sem gerð var árið 2008. Helstu niðurstöður voru þær að þekkingu hrakaði milli ára. Af þeim spurningum sem voru einnig spurðar árið 2008 voru 53% með rétt svör en árið 2011 voru það 47%. Ein vísbending um góða stjórnun í eigin fjármálum er að halda heimilisbókhald en þeim fækkaði milli rannsókna sem héldu slíkt bókhald. Marktækur munur var á því hve miklu færri einstaklingar nýttu sér yfirdrátt árið 2011 miðað við árið 2008 og var upphæðin að meðaltali þriðjungi lægri. Þriðja hvern mánuð eða oftast sögðust 15% ekki ná endum saman og rúm 5% þátttakenda sögðust aldrei ná því. Jafnmargir einstaklingar höfðu miklar áhyggjur af fjármálum sínum eins og áður. Tæpur helmingur þátttakenda var ekki tilbúinn að taka áhættu þegar kom að sparnaði. Þátttakendur í rannsókninni árið 2011 töldu sig almennt hafa meiri þekkingu á fjármálum en árið 2008, munurinn var þó ekki marktækur. Það er því niðurstaða rannsóknarinnar að fjármálalæsi Íslendinga hraki milli árunna 2008 og 2011 (Stofnun um fjármálalæsi - b, e.d.).


Allar þessar rannsóknir benda eindregið til þess að þekking Íslendinga á fjármálum sé af skornum skammti og að hana þurfi að bæta verulega.

## 2.3 Erlendar rannsóknir

Á árunum 2005 – 2010 voru gerðar sambærilegar kannanir í Kanada, Ítalíu, Bretlandi og Bandaríkjunum. Niðurstöður þessara kannana voru síðan bornar saman og niðurstöður kynntar í grein sem birtist árið 2012. Tilgangurinn var að

reyna að skilja hvort þættir tengdir fjármálalæsi í einu landi væri hægt að heimfæra yfir á annað land. Skoðað var hvort einstakir eiginleikar hvers lands gerðu það að verkum að kanna þyrfti hvert land fyrir sig. Niðurstöður bentu til þess að marktækur munur var á milli landa, bæði var þessi munur landfræðilegur og líka menningarlegur (Nicolini o.fl., 2012, bls. 689). Bandaríkin og Kanada urðu fyrir valinu af því þau eru bæði stór lönd í Norður – Ameríku. Í þeim eru hagkerfin svipuð en menning og pólitískt umhverfi ólík. Bretland og Ítalía eru bæði aðilar að Evrópusambandinu en með ólíka menningu og pólitískt umhverfi (Nicolini o.fl., 2012, bls. 689). Í ljós koma að Ítalir eru minnst menntaðir af löndunum fjórum og með hæstu skilnaðartíðnina en þess bera að geta að niðurstöður þeirra voru elstar eða frá 2005. Íbúar Kanada voru með hæsta menntunarstig og íbúar Bretlands voru ólíklegastir til að vera sjálfstætt starfandi.

Að meðaltali stóð Kanada sig best og var með rétt svör í 65% tilfella en Ítalía kom lakast út með rétt svör í 58% tilfella. Spurning 1, um fjárfestingar, vafðist fyrir íbúum allra landanna en þó síst Kanada en þar var úrtaksstærðin röng og viðmiðunin því ekki marktæk. Oftast bárust rétt svör við spurningu 2, um íbúðalán, eða í 73% tilfella að meðaltali og þar var Kanada aftur með mestan fjölda réttra svara. Í spurningu 3 var spurt um verðbólgu og þar kom Ítalía best út en Bretland verst. Kanada var sjaldnast með rétt svör við spurningu 4, um peningastjórnun, þar var Bretland með langhæsta hlutfall réttra svara eða 91%. Hér fyrir neðan er hægt að sjá niðurstöðurnar á myndrænan hátt.



Mynd 1 Hlutfall réttra svara

Töluverður munur var á fjármálahegðun milli landa, t.d. voru ítalskir neytendur ólíklegri til að vera með íbúðalán en íbúar hinna landanna. Þá notuðu meira en helmingur bandarískra neytenda fjármálaráðgjöf á meðan það var mjög sjaldgæft á Ítalíu. Lestur fjármálablaða eða tímarita var algengt í Bandaríkjunum en sjaldgæft á Bretlandi og Ítalíu. Að lokum voru íbúar Kanada líklegri en íbúar annarra landa til að tala reglulega við vini eða ættingja um fjárhagslega þætti.

Það kom í ljós við úrvinnslu rannsóknarinnar að þörf er á stöðluðu eða samræmdu mati milli landa og spurningarnar þurfa að vera efnislega þær sömu þó þær væru aðlagðar í hverju landi fyrir sig. (Nicolini o.fl., 2012, bls. 694-695).

Fyrri hluta árs 2010 tóku ísraelskir menntaskólanemar þátt í rannsókn. Alls voru þátttakendur 574 í tveimur opinberum menntaskólum. Markmið rannsóknarinnar var meðal annars að kanna fjármálalæsi ísraelskra menntaskólanema og athuga hvort munur væri á þekkingu gyðinga og araba. Rannsóknin leiddi í ljós slakan árangur nemandanna og að kyn, þjóðfélagsstaða og starfsreynsla höfðu áhrif á niðurstöðuna. Einnig leiddi hún í ljós mikinn mun á fjármálalæsi gyðinga og araba.

Þátttakendur voru 86% gyðingar og 14% arabar eða annarrar trúar og meðalaldur var 24,6 ár. Konur voru 31% og karlar 69%.

Þegar borin voru saman svör karla og kvenna kom í ljós að karlar svöruðu oftár rétt eða í 7 af 9 tilfellum. Hlutfall réttra svara við einni spurningu var mjög jafnt, þó konur væru aðeins lægri, en aðeins í einni spurningu af 9 voru konur oftár með rétt svar. Ef borin er saman svörun gyðinga og araba kemur í ljós að gyðingar eru oftár með rétt svar eða í 50% tilvika að meðaltali en arabar í 40% tilvika. Alveg eins og hjá konunum og körlunum hér að ofan komu rétt svör oftár frá gyðingum, eða í 7 af 9 tilfellum. arabar náðu að svara einni spurningu oftár rétt og hlutfall réttra svara við annarri spurningu var mjög jafnt þó gyðingar kæmu oftár með rétt svar við henni.

Það kom ekki á óvart að þeir nemendur sem voru í námi tengdu viðskiptum eða hagfræði stóðu sig betur en aðrir. Hlutfall réttra svara þeirra nemenda var 62% en annarra nema aðeins 35%. Einnig kom í ljós að þeir nemendur sem höfðu meiri reynslu af atvinnulífínu komu betur út en þeir sem höfðu litla sem enga reynslu. Þeir nemendur sem höfðu meiri en tveggja ára starfsreynslu svöruðu rétt í 55% tilfella á móti 41% hjá þeim sem höfðu minni starfsreynslu. Skýringin á þessu getur verið að gyðingarnir voru að meðaltali eldri en arabarnir og að auki með meiri starfsreynslu. Önnur skýring gæti verið sú að arabar eru mikill minnihluti ísraelsks samfélags sem endurspeglar fjárhagslega þekkingu þeirra.

Rétt svör bárust að meðaltali í 56% tilfella sem bendir til þess að ísraelskir menntaskólanemar hafa ekki fullnægjandi þekkingu á eigin fjármálum. Fyrirfram var gert ráð fyrir því að ísraelskir nemendur vissu meira um fjármál og tengd hugtök í samanburði við nemendur í öðrum löndum þar sem þeir voru eldri og með meiri starfsreynslu en reyndin var önnur og því komu niðurstöðurnar á óvart. Líkleg skýring þessarar útkomu er að finna í námsskrám skólanna sem eru ekki að sinna kennslu í fjármálum einstaklinga (Shahrabani, S., 2013, bls. 439 – 445).

Fyrir tilstuðlan OECD var gerð könnun í 14 löndum í 4 heimsálfum á árunum 2010 – 2011. Eftirfarandi lönd tóku þátt: Albanía, Armenía, Tékkland, Eistland, Þýskaland, Ungverjaland, Írland, Malasía, Noregur, Perú, Pólland, Suður Afríka og Bretland. Bresku Jómfrúareyjarnar komu seinna inn í rannsóknina en skiluðu öllum niðurstöðum sínum til OECD. Notast var við spurningalista sem samtökin hönnuðu. Hann er sá fyrsti sinnar tegundar og



sérstakur að því leyti að vera nothæfur í mörgum mismunandi löndum þó að sumar spurningarnar þyrfti að aðlaga. Spurt var um fjármálaþekkingu, hegðun og viðhorf til fjármála. Tekið var viðtal við 1000 einstaklinga í hverju landi fyrir sig nema á Bresku Jómfrúareyjunum þar sem tekið var viðtal við 535 einstaklinga (Atkinson og Massy, 2012, bls. 14).

Helstu niðurstöður spurninga um fjármálaþekkingu voru að flestir hafa grunnþekkingu í fjármálum og geta reiknað einföld dæmi. Skilningur þeirra á daglegri fjármálastarfsemi og hugtökum eins og vöxtum og áhættustýringu var hins vegar töluvert ábótavant í öllum þáttökulöndunum. Nokkrar vísbendingar voru um að svarendur væru of vissir um eigin getu og að þeir hafi giskað á rangt svar frekar en að viðurkenna að þeir vissu ekki svarið. Það kom einnig í ljós að konur stóðu sig verr en karlar í öllum löndum sem rannsóknin náði til. Það er alveg ljóst að vinna þarf sérstaklega að því að auka fjármálalæsi kvenna. Spurningar um fjármálahegðun leiddi í ljós að 3 af hverjum 10 svarenda fengu lægri einkunn en 6. Þetta gefur vísbendingu um að ákveðnar aðgerðir myndu breyta hegðun þeirra og bæta þar af leiðandi líf skjör þeirra í leiðinni. Við greiningu á sambandi milli hegðunar og þekkingar komu fram jákvæð tengsl í öllum löndunum. Þegar þekking jókst leiddi það til skynsamari fjármálahegðunar. Fólk þarf að vilja leita sér upplýsinga og vita hvert það getur leitað. Einnig var jákvætt samband á milli viðhorfa og hegðunar. Fólk með jákvætt viðhorf gagnvart langtímaáætlunum er líklegra til að sýna góða fjárhagslega hegðun. Fólk sem gerir aðeins áætlanir til skamms tíma er ekki líklegt til að sýna eins góða fjárhagslega hegðun. Félagsleg lýðfræðigreining bendir einnig til þess að ójöfn tækifæri fólks til menntunar gefi af sér lakari fjármálalæsi (Atkinson og Massy, 2012, bls. 56).

Niðurstöður sýndu, þrátt fyrir breytilegt viðhorf fólks eftir löndum, að bæta má fjárhagslega hegðun þar sem fjöldi íbúa þeirra landa sem tóku þátt í rannsókninni skorti þekkingu á fjármálum. Þessar niðurstöður gera stjórnvöldum þessara landa kleift að koma auga á hvar þörfin liggur þegar kemur að fjárhagslegri menntun. Einnig hjálpar þetta OECD að koma auga á hvaða þætti þarf að endurskoða og útfæra betur (Atkinson og Massy, 2012, bls. 11 og 57).

Með þessari rannsókn var lagður grunnur að reglulegum rannsóknum á fjármálalæsi. Þau lönd sem tóku þátt eru hvött til að endurtaka rannsóknina

eftir 3 til 5 ár. Önnur lönd sem ekki voru meðal þátttakenda eru einnig hvött til að nota könnunina til að fylgjast með þróuninni í sínum löndum. Með því að greina gögnin á samræmdan hátt verður til stór gagnabanki. Þessi gagnagrunnur inniheldur niðurstöður mismunandi landa yfir langt tímabili (Atkinson og Massy, 2012, bls. 57).

Eins og fram kemur hér á undan eru öll ríki heims að vekja athygli á þróun fjármálalæsis og hafa þau öll miklar áhyggjur af því. Þetta er ekki einkamál einstakra ríkja heldur þarf að koma til samstillts átaks allra þjóða.

## 3 Fjármálakennsla á Íslandi

Hlutverk skóla á Íslandi er að auka þekkingu og víðsýni barna og unglinga. Fjármálalæsiskenntsla ætti að hefjast eins og önnur kenntsla á grunnstigi og breytist með árunum eftir því sem aldur og þroski leyfir. Þegar skóla sleppir ættu fjármálastofnanir að taka við, þar ætti fólk á öllum aldri að geta fundið þær upplýsingar sem þeim hentar í hvert sinn.

### 3.1 Aðalnámsskrá grunnskóla

Í aðalnámsskrá grunnskóla kemur fram markmið skólstarfs og fyrirkomulag þess. Námskráin fjallar um hlutverk hennar, almenna menntun og grunnþætti, ásamt mati á skólstarfi og fleiru. Mennta- og menningarmálaráðherra setur aðalnámsskrár allra skólastiga upp á sama hátt og reglugerðir og felast í henni margvísleg hlutverk. Hún er stjórnþæki til að fylgja eftir settum lögum, fyrimælum fræðsluyfirvalda um skólastefnu og einnig er hún safn sameiginlegra markmiða alls skólstarfs í landinu. Hún lýsir þessum sameiginlegu markmiðum og kröfum sem gilda fyrir alla nemendur og allt starfsfólk skólanna, hvort sem um ræðir stjórnendur, kennara eða annað starfsfólk (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 9).

Aðalnámsskrá grunnskóla byggir á lögum um grunnskóla nr. 91/2008. Í lögnum er greint frá hlutverki grunnskóla, í 2. gr. segir:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn. Nemendum skal veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að afla sér þekkingar og leikni í stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Skólstarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfna hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Á okkar tímum er skilgreiningin á almennri menntun gerð út frá þörfum einstaklinga og samfélags. Almenn menntun á að stuðla að aukinni getu einstaklinga til að takast á við daglegar áskoranir. Þá miðar almenn menntun að því að auka skilning einstaklinga á eiginleikum sínum og hæfileikum og þar með hæfileikum sínum til að leysa þau hlutverk sem þarf í samfélaginu. Víðar en í skólakerfinu má öðlast almenna menntun, þó skólakerfið sé mikilvægasti þátturinn í því að samfélagið tryggi almenna menntun. Það er því eðlilegt að skýra grunnþætti menntunar í aðalnámskrá og tengja þá við megin svið þekkingar og leikni sem nemendum standa til boða í skólanum.

Sex eftirfarandi þættir eru sá grunnur sem námskráin byggir á, þeir eru:

- læsi,
- sjálfbærni,
- heilbrigði og velferð,
- lýðræði og mannréttindi,
- jafnrétti,
- sköpun.

Grunnþættir námskrárinnar eru læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru. Tilgangurinn er að börn og unglingar læri að byggja sig upp andlega og líkamlega og læri að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 15-16).

Aðalnámskráin skilgreinir hvern grunnþátt fyrir sig og er læsi skilgreint sem sú kunnátta og færni sem fólk þarf til að geta skrifað og skilið ritaðan texta. Hugmyndir manna um læsi hafa breyst með tímanum og hefur fræðasamfélagið bent á að læsi snúist um það samkomulag sem fólk hefur gert sín á milli um málnotkun og merkingu orða. Að það sé hefðum háð en sé ekki færni sem einstaklingar öðlast. Með tilkomu tölva og stafrænna samskiptatækja hafa komið fram ný heiti svo sem stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi. Stafrænt læsi lýsir þeirri kunnáttu sem fólk þarf til að geta notað tölvu- og nettækni til samskipta. Með miðlamennt er átt við þá miðla sem nemendur nýta sér við námið, þar sem þeir læra að leggja mat á miðlað efni. Miðlalæsi vísar til

þeirrar færni og kunnáttu sem nemendur öðlast við það nám sem í þessu felst (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 18-19).

Í aðalnámsskrá grunnskóla er minnst á fjármálalæsi á þremur stöðum. Í almenna hlutanum þar sem grunnþátturinn sjálfbærni er skilgreindur. Í þeim kafla er talað um að neytendafræðsla og fjármálalæsi séu mikilvæg forsenda þess að við getum metið þarfir okkar (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 20). Í hlutanum um greinasviðin, er fjármálalæsi eitt af hæfniviðmiðum heimilisfræði. Þar segir að með kennslu heimilisfræði sé ætlunin að auka líkur á heilbrigðari lífsstíl, fjármálalæsi, hagsýni og neytendavitund svo eitthvað sé nefnt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 152). Einnig er talað um fjármálalæsi í kaflanum um hæfniviðmið fyrir samfélagsgreinar. Hæfniviðmiðunum er skipt í þrjá flokka þ.e. reynsluheim, hugarheim og félagsheim. Fjármálalæsi er eitt af hæfniviðmiðum reynsluheims (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 197).

Fjármálafræðsla er almennt lítil og er fjármálalæsi aðeins hluti af kennslu í lífsleikni ef kennari hefur tíma til eða áhuga á að kenna efnið (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 21).

## 3.2 Aðalnámsskrá Framhaldsskóla

Alveg eins og í aðalnámsskrá grunnskóla koma fram markmið og fyrirkomulag skólastarfs í framhaldsskólum í aðalnámsskrá framhaldsskóla. Námsskráin fjallar um hlutverk hennar, almenna menntun og grunnþætti, mat á skólastarfi og fleira. Aðalnámsskrá framhaldsskóla byggir á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 7 - 9). Í lögnum er greint frá hlutverki framhaldsskóla, í 2. gr. segir:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi. Framhaldsskólar búa nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Þeir skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til

þekkingarleitar. Framhaldsskólar sinna miðlun þekkingar og þjálfun nemenda þannig að þeir öðlist færni til að gegna sérhæfðum störfum og hafi forsendur til að sækja sér frekari menntun (Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008).

Sömu sex grunnþættir menntunar eru taldir upp þ.e. „læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun“. Þættirnir eru skilgreindir á sama hátt og í aðalnámskrá grunnskóla.

Í aðalnámskrá framhaldsskóla er aðeins minnst á fjármálalæsi á einum stað og það er í kaflanum þar sem grunnþátturinn sjálfbærni er skilgreindur. Í kaflanum segir að til að geta metið þarfir sínar séu neytendafræðsla og fjármálalæsi mikilvæg forsenda (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011, bls. 14 og 18).

### **3.3 Tilraun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins**

Í skýrslu Margrétar Sæmundsdóttur o.fl. (2009, bls. 4) er lagt til að fjármálalæsi verði sett inn í námsskrá grunn- og framhaldsskóla og að kennsla í fjármálalæsi verði aukin við fyrsta tækifæri.

Í júní 2011 skipaði Katrín Jakobsdóttir þáverandi Mennta- og menningarmálaráðherra stýrihóp sem var falið að koma með hugmyndir að aukinni fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum. Markmiðið er að efla fræðsluna í skólunum með markvissum hætti með tilliti til gildandi laga og aðalnámsskráa. Verkefnið er samstarfsverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja.

Stýrihópurinn samanstendur af fulltrúum frá ráðuneytinu, Samtökum fjármálafyrirtækja, Neytendasamtökunum og Samtökum lífeyrissjóða. Einnig eiga Kennarasamband Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóli og Námsgagnastofnun fulltrúa í hópnum.

Haustið 2012 var haft samband við nokkra skóla á landinu, bæði grunn- og framhaldsskóla og verkefnið kynnt. Eftirfarandi skólar buðust til þátttöku; Menntaskólinn á Akureyri, Fjölbrautarskólinn við Ármúla, Melaskóli, Hagaskóli og Litlu - Laugaskóli. Fyrir skólaárið 2013 – 2014 var auglýst eftir þátttökuskólum og fjölmargar fyrirspurnir bárust til hópsins. Þeir skólar sem ákváðu að lokum að taka þátt voru 7, 3 framhaldsskólar og 4 grunnskólar.

Skólarnir voru Fjölbrotarskóli Suðurnesja, Menntaskólinn við Sund, Flensborgarskóli, Grunnskólinn í Snæfellsbæ, Lágafellsskóli, Grunnskólinn í Grindavík og Rimaskóli.

Námsefnið sem notað er til kennslunnar er af ýmsum toga, námsbækur, efni á Youtube og verkefni sem kennarar semja sjálfir. Einnig eru margir skólar sem nýta sér heimsóknir frá fjármálafyrirtækjum.

Tilraunaverkefninu lýkur vorið 2014 og þá verður gerð könnun og munu niðurstöður liggja fyrir þá um haustið (Ragnhildur B. Guðjónsdóttir, munnlega heimild, 3. janúar og 10. febrúar 2014).

### 3.4 Stofnun um fjármálalæsi

Breki Karlsson er stofnandi og forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi. Hann hefur tekið þátt í rannsóknum á fjármálalæsi Íslendinga, haldið fjölmarga fyrirlestra bæði hér á landi og erlendis fyrir almenning og opinberar stofnanir allt frá árinu 2005. Stofnunin beitir sér fyrir bættu fjármálalæsi landsmanna. Hún stuðlar að bættum árangri einstaklinga í fjármálum og að þeir geti tryggt sér og fjölskyldum sínum stöðugleika og aukið öryggi. Með því að bæta fjármálalæsi fólks er hægt að hjálpa því við að móta fjárhagslega framtíð sína út frá sínum forsendum. Aukið fjármálalæsi stuðlar að fyrirbyggju í fjármálum og gagnrýninni og upplýstri umræðu. Með þessu er grunnur lagður að betri lífsgæðum og stuðlað að ábyrgara og heilbrigðara samfélagi.

Markmið stofnunarinnar eru 4, og fela í sér að Íslendingar

- geti tekið upplýstar ákvarðanir þegar kemur að þeirra eigin velferð og hugsað sé fyrir mismunandi þörfum á ólíkum æviskeiðum lífsins.
- geti nýtt sér árangursríkar leiðir í stjórnun á eigin fjármála.
- geti verið ánægðir með þær ákvarðanir sem þeir taka í fjármálum og að þær ákvarðanir dragi úr fjárhagsáhyggjum þeirra.
- geti búið í haginn fyrir sig og sína.

Þjóðaráttak í bættu fjármálalæsi á vegum Stofnunar um fjármálalæsi vinnur að útbreiðslu þess á þremur sviðum. Stofnunin er vettvangur umræðu og athafna allra sem hag hafa af eflingu fjármálalæsis, þar má nefna menntakerfið,

viðskiptalífið, stofnanir og samtök. Tengsl við erlendar stofnanir ásamt fenginni reynslu og þekkingu verða nýtt til eflingar fjármálalæsis landsmanna. Stofnunin tekur þátt í ráðstefnum og námskeiðum auk þess sem hún sinnir ráðgjöf og kennslu á þessu sviði. Stofnunin hefur þróað og gefið út kennsluefni bæði fyrir skóla og almenning með það að markmiði að enginn ljúki námi án þess að vera fjármálalæs eins og aldri viðkomandi hæfir. Bókin Ferð til fjár – leiðarvísir í fjármálum fyrir ungt fólk, var gefin út af Stofnunninni haustið 2010. Hún er nú kennd í framhaldsskólum um allt land og einnig er í þróun námsefni fyrir almenning.

Stofnun um fjármálalæsi stendur að og hefur umsjón með rannsóknum á Íslandi sem tengjast fjármálalæsi. Einnig er hún í samstarfi við erlenda háskóla um rannsóknir á sama efni. Hún safnar og vinnur úr upplýsingum vegna rannsókna og útgáfu fræðsluefnis. (Stofnun um fjármálalæsi - a, e.d.).

### 3.5 Önnur fjármálakennsla

Mikið er til af fræðslu- og upplýsingaefni um fjármál á heimasíðum fjármálafyrirtækja og stofnana. Efnið er ekki sett upp með markvissum hætti, það er dreift á marga staði og oft þarf að hafa dálítið fyrir því að finna það. Ekki er ljóst hvort það skili þeim árangri sem því er ætlað að skila (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 3).

Stofnun um Fjármálalæsi er útgefandi og tengiliður Aflatúns á Íslandi. Aflatún er námsefni, sérhannað fyrir börn og unglunga á aldrinum 6 til 14 ára í fjármálalæsi, samfélagsábyrgð og nýsköpun. Meginmarkmið námsefnis Aflatúns er að fræða og auka þekkingu nemenda á mikilvægum hlutum eins og því að leggja fyrir. Einnig er þeim kennt að ná markmiðum með góðu skipulagi og fara vel með verðmæti og auðlindir. Boðið er upp á námskeið fyrir þá leiðbeinendur og kennara sem koma til með að kenna námsefni. Námsefni á vegum Aflatúns er Íslendingum að kostnaðarlausu, góðgerðarsamtökin Child Savings International í Hollandi kostar gerð og þróun þess. Eini kostnaðurinn við námsefnið eru þýðingar, staðfæringar og útgáfa (Stofnun um fjármálalæsi - c, e.d.).



Samtök sparisjóðanna stóðu að gerð námsefnisins Undirheimar auranna. Námsefnið er kennt í skólabúðum sem haldnar eru að Reykjum í Hrótafirði, en þangað fara allflestir nemendur 7. bekkja grunnskólanna frá öllu landinu. Námsefnið tekur á ábyrgð í fjármálum, vöxtum og peningum svo eitthvað sé nefnt (Margrét Sæmundsdóttir o.fl., 2009, bls. 22).

Fyrirtækið Ungir frumkvöðlar er rekið án hagnaðarsjónarmiðar og tilheyrir alþjóðlegu samtökunum Junior Achievement – Young Enterprice. Það stendur fyrir tvönnu konar námskeiðum. Annars vegar framtíðarsmiðju fyrir unglunga á aldrinum 14 – 15 ára og hins vegar fyrirtækjasmíðju sem ætluð er framhaldsskólanemum. Í framtíðarsmiðju er boðið upp á efni sem vekur unglunga til umhugsunar um framtíðaráform og ábyrgð í fjármálum. Þátttaka í framtíðarsmiðju er skólum og nemendum að kostnaðarlausu. Markmið fyrirtækjasmíðju er að auka skilning á fyrirtækjarekstri, þar þróa nemendur viðskiptahugmynd og sjá um það sem nauðsynlegt er til að stofna fyrirtæki. Fyrirtækið er „stofnað“ og það þarf að gefa út ársreikning og skýrslu í lok tímabils, reynt er að hafa ferlið eins raunverulegt og hægt er.

Fjárinn er forrit sem inniheldur námsefni um almenna fjármálafræðslu, vinnumarkað, réttindi og skyldur neytenda. Námsefnið er gefið út á USB-lykli og því fylgir bókhaldsforrit og reiknivél. Kennari fær sérstakt eintak með glærum og leiðbeiningum sem nýtast við kennsluna. USB-lykill með námsefni kostar 2.500 kr. (Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum, e.d.).

Þrjár stærstu bankar landsins, Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki eru allir með fjármálafræðslu á heimasíðum sínum. Þeir standa allir fyrir einhverskonar viðburðum reglulega, fundum eða námskeiðum sem hægt er að skrá sig á. Einnig eru þeir með greinar um fjármál, hugtakalista og fræðslumyndbönd sem aðgengileg eru þeim sem leita á heimasíðurnar þeirra (Landsbankinn, e.d., Arion banki, e.d. og Íslandsbanki - a, e.d.). Á heimasíðu sparisjóðanna er enga fræðslu að finna (Sparisjóðirnir, e.d.).

Að auki gefur Íslandsbanki út tímarit um fjármál sem kallast Fjármálin þín, tímaritinu er dreift til allra viðskiptavina bankans og víðar. Tímaritið er einnig aðgengilegt á vef bankans (Íslandsbanki - b, e.d.).

Landsbankinn hefur á undanförunum árum boðið upp á fjármálafræðslu í framhaldsskólum þar sem lögð er áhersla á grunnatriði fjármála. Einnig stendur bankinn fyrir leik sem er í boði fyrir unglunga í grunnskóla, 9. bekk á vorönn og 10. bekk á haustönn. Leikurinn heitir Raunveruleikurinn og er gagnvirkur hermileikur, hannaður sem fjármála- og neytendafræðsla fyrir efstu bekk grunnskóla. Meginmarkmiðið með Raunveruleiknum er að nemendur fái innsýn í fjármálaumhverfi einstaklinga með virkri þátttöku (Landsbankinn, e.d.).

Úr mínus í plús er heiti á námskeiði á vegum Spara.is og má finna upplýsingar um það á heimasíðunni þeirra. Námskeiðið gengur út á að sýna fólki hvernig það getur greitt hratt niður skuldir. Þar er einnig að finna upplýsingar um þrjú önnur námskeið sem eru í undirbúningi. Spara.is fer einnig með fræðsluerindi á vinnustaði þar sem þeir reyna að vekja fólk til umhugsunar um þá kosti sem í boði eru í sparnaði og uppgreiðslu lána. Bókin Þú átt nóg af peningum var gefin út árið 2005 og Ingólfur H. Ingólfsson annar eigandi Spara.is skrifaði hana. Meginmarkmið Spara.is er að leiðbeina og aðstoða fólk í að ná árangri í meðferð peninga, við niðurgreiðslu skulda, sparnað o.fl. (Spara.is,e.d.).

Á síðu Neytendasamtakanna er að finna svipaða uppsetningu, þau bjóða upp á eitt námskeið sem ber heitið Fjármál og neytendaréttur. Að auki eru aðgengileg svör við algengum spurningum á heimasíðunni (Neytendasamtökin, e.d.).

Meniga er vefur sem er hannaður með það að markmiði að hjálpa fólki að stjórna heimilisfjármálum og nýta peninga á sem bestan hátt. Á heimasíðu þeirra er að finna greinar um fjármál (Meniga, e.d.).

Að lokum er hægt að leita til Umboðsmanns skuldara ef fólk er komið í veruleg fjárhagsvandræði. Þar má finna upplýsingar um greiðsluaðlögun og nálgast nauðsynleg eyðublöð til útfyllingar (Umboðsmaður skuldara, e.d.).

Eins og sjá má er hægt að nálgast upplýsingar og námskeið tengdum fjármálum víða. Það getur þó tekið tíma og þarfnast töluverðs hugmyndaflugs að finna það sem er í boði. Stofnun um fjármálalæsi væri kjörinn staður til að geyma

alla þessa vitneskju og vera einhverskonar safn upplýsinga um fjármál. Fólk gæti því leitað til þeirra fyrst ef það væri í óvissu.

## 4 Rannsóknaraðferð

Rannsóknnum má skipta í eigindlegar (e. qualitative) og meginlegar (e. quantitative) aðferðir. Eigindlegar aðferðir byggja á skilningi og túlkun þátttakenda á ákveðnu efni. Þær eru huglægt mat einstaklings og við hana eru oft notuð viðtöl eða þátttökuathuganir. Meginleg aðferð hentar þegar notast á við töluleg gögn og tölfræðilega úrvinnslu í framhaldi af skoðanakönnun eða þegar greina á töluleg gögn úr gagnagrunni. Í öllum meginlegum rannsóknum eru tvöskonur skekkjur sem geta dregið úr gildi niðurstaðna, tilviljunarkennd (e. random) og kerfisbundin (e. systematic). Stærð úrtaks, dreifing í þýði og úrtaksaðferð hafa áhrif á tilviljunarkennda skekkju. Kerfisbundin skekkja er þegar mistök hafa verið gerð við hönnun könnunar, eins og að orðalag spurninga sé ekki nógu skýrt (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2013, bls. 113 - 117).

Í þessari rannsókn er notast við meginlega (e. quantitative) aðferð og lýsandi tölfræði (e. descriptive statistics). Lýsandi tölfræði er notuð við úrvinnslu gagna, reynt er að greina mun milli einstaklinga eða finna eitthvað sem er dæmigert fyrir gögnin (Amalía Björnsdóttir, 2013, bls. 171).

Tölfræðiforritið SPSS var notað til að vinna úr gögnunum og einnig Microsoft Excel. Þegar búið var að setja gögnin upp í SPSS og gera á þeim frumskoðun kom í ljós að niðurstöður voru ekki normaldreifðar og því ekki hægt að notast við t-próf sem marktektarpróf. Gögnin voru því sett upp í krosstöflur og kí-kvaðrat gildi þeirra reiknað. Krosstöflur eru gerðar til að kanna tengsl milli breyta og kí-kvaðrat gildi segir til um það hvort fylgni milli breyta sé marktæk.

### 4.1 Hönnun spurningalista

Spurningalistinn sem lagður var fyrir nemendur samanstóð af 30 spurningum, 14 spurningar um fjármál, 10 spurningar um kostnað við daglegar athafnir og 6 bakgrunnsspurningar. Við gerð spurninganna voru hugmyndir fengnar við lestur bókanna Ferð til fjár og Hvað kosta ég sem Fjármálaskólinn gaf út. Þegar spurningalistinn hafði hlotið samþykki leiðbeinandans var hann sendur rafrænt í skólana ásamt beiðni um þátttöku.

Könnunina í heild sinni er að finna í viðauka 1.

## 4.2 Framkvæmd könnunar og takmarkanir

Þrjú grunnskólar í Reykjavík eru þátttakendur í verkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aukna kennslu í fjármálalæsi. Aðeins tveir af þessum þremur skólum eru með unglingadeild, það eru Hagaskóli og Rimaskóli. Eins og áður segir hóf Hagaskóli þátttöku haustið 2012 og Rimaskóli haustið 2013.

Viðmiðunarskólarnir áttu einnig að vera tveir og haft var samband við Réttarholtsskóla og Háaleitisskóla. Réttarholtsskóli var valinn því hann, eins og Hagaskóli, er aðeins með unglingadeild. Háaleitisskóli var valinn af því hann var svipaður að stærð og Rimaskóli. Haft var samband við skólana um miðjan janúar og beðið um leyfi til að leggja könnunina fyrir tvo bekkir í hverjum árgangi. Rimaskóli veitti ekki leyfi til þátttöku í könnuninni, þar var búið að ráðstafa öllum kennslustundum fram á vor. Forsvarsmenn Háaleitisskóla svöruðu ekki beiðni þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Könnunin sem ná átti til ríflega 530 nemenda náði nú aðeins til 310 nemenda. Svör bárust frá 238 nemendum, 100 í Hagaskóla og 138 í Réttarholtsskóla. Svarhlutfall var 77%.

Fyrirlögn könnunar var dagana 27. – 31. janúar í Réttarholtsskóla og 3. – 12. febrúar í Hagaskóla, hún var í öllum tilvikum lögð fyrir í kennslustund og á pappírformi. Tilviljun réð því hvaða bekkir lentu í úrtakinu.

## 5 Greining niðurstaðna

Greining niðurstaðna er mikilvægur hluti rannsóknar. Nemendur efsta stigs Hagaskóla og Réttarholtsskóla voru þátttakendur eins og áður hefur komið fram. Hagaskóli er þátttakandi í tilraunaverkefni Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um aukna kennslu í fjármálalæsi. Fyrirlögn í Réttarholtsskóla var 27. – 31. janúar og í Hagaskóla 3. – 12. Febrúar, eins og áður segir. Alls bárust svör frá 238 nemendum. Fjölda svarenda úr hverjum bekk og hverjum skóla má sjá í töflu 1 hér að neðan. Hlutfall stelpna og stráka var jafnt, 118 af hvoru kyni, en 2 svöruð ekki þeirri spurningu.

Tafla 1 Fjöldi þátttakenda


|            | Hagaskóli | Réttarholtsskóli | Samtals |
|------------|-----------|------------------|---------|
| 8. bekkur  | 40        | 43               | 83      |
| 9. bekkur  | 24        | 46               | 70      |
| 10. bekkur | 36        | 49               | 85      |
| Samtals    | 100       | 138              | 238     |

Marktektarpróf sýna hvort þau tengsl sem eru á milli breytanna sé hægt að heimfæra yfir á heildina. Áður en marktektarpróf eru gerð eru settar fram tvær tilgátur, prófið sannar að önnur sé rétt og hafnar hinni um leið. Núlltilgátan sem sett var fram,  $H_0$  er hvort að nemendum Hagaskóla hafi gengið betur í könnuninni. Varatilgátan,  $H_1$  er sú hvort nemendum Hagaskóla hafi ekki gengið betur í könnuninni. Til að reyna að finna marktæk tengsl milli breyta var kí-kvaðrat gildi reiknað og p-gildi sem segir til um hvort tengslin séu marktæk. P-gildið þarf að vera lægra en marktæktarmörkin sem eru 0,05 til að tengsl milli breyta séu marktæk.

Til að reyna að svara rannsóknarspurningunum var meðaleinkunn reiknuð út. Svör við spurningum 2 – 12 og 15 – 24 voru notuð við þá útreikninga, þær spurningar sem hægt var að gefa rétt eða rangt fyrir. Í spurningum 2 – 12 voru nemendur beðnir um að merkja við rétta skilgreiningu á fjármálum. Í spurningum 15 – 24 átti að merkja við hvað hlutir og þjónusta í daglegu lífi


kosta. Meðaleinkunn var reiknuð út fyrir hvorn skóla og fyrir hvort kynið fyrir sig.

Fyrirfram var búist við betri árangri nemenda Hagaskóla, þar sem Hagaskóli er þátttakandi í tilraun um aukna kennslu í fjármálalæsi. Þegar könnunin var gerð höfðu nemendur í 9. og 10. bekk Hagaskóla fengið aukna kennslu í fjármálalæsi í 1 og ½ ár en nemendur í 8. bekk í ½ ár. Búist var við því að marktæk tengsl væru milli góðrar einkunnar og Hagaskóla. Meðaleinkunn Hagaskóla var 0,03 stigum hærri. Útreiknað p-gildi var  $0,888 > 0,05$  sem hafnar núlltilgátunni og sýnir að ekki sé um marktæk tengsl að ræða.



Mynd 2 Meðaleinkunn, skólar


Meiri munur var á meðaleinkunn stelpna og stráka, 0,16 stig, sem rennir stoðum undir þá umtöluðu staðreynd að stelpur séu með hærri einkunnir en strákar í skóla.



Mynd 3 Meðaleinkunn, stelpur og strákar

P-gildið  $0,688 > 0,05$  gefur til kynna að ekki séu marktæk tengsl milli þess að vera stelpa og ganga betur í könnuninni.

Meðaleinkunnir hækka eftir því sem unglingarnir eldast, á mynd 4 má sjá hvernig þær hækka lítillega milli bekkja hjá báðum skólunum. P-gildi var reiknað fyrir þessar breytur og gefur það til kynna að tengsl séu milli þess að eldast og fá hærri einkunn,  $0,01 < 0,05$ . Það verður að teljast eðlileg þróun.




Mynd 4 Meðaleinkunn, bekkir og skólar

## 5.1 Hugtök í fjármálum

Hugtakalisti var lagður fyrir nemendur og þeir beðnir að merkja við þau hugtök sem þau höfðu heyrt talað um. Listinn innihélt 18 hugtök sem notuð eru daglega í fjármálum. Þegar rýnt er í mynd 5 sést að átta hugtök af 18 kannast fleiri nemendur Hagaskóla við. Jafn margir nemendur skólanna hafa heyrt um yfirdrátt, ellilífeyri og heimabanka. Það eru því 7 hugtök af 18 sem nemendur Réttarholtsskóla merkja oftar við. Munurinn er því lítill sem enginn á þekkingu milli skólanna á þessum fjármálahugtökum. Það sem hins vegar kemur á óvart er að færri en helmingur nemenda beggja skólanna hafa heyrt um 7 hugtök af þeim 18 sem spurt var um. Eins hafði innan við 15% nemenda við báða skólana heyrt talað um eindaga.






Mynd 5 Hugtakalisti, skólar

Yfir 90% nemenda samanlagt höfðu heyrt um 7 af þessum 18 hugtökum, hugtökin eru eftirfarandi:

- skattur
- vextir
- lán
- verðbólga
- kreditkort
- debetkort
- heimabanki

Það má því leiða líkur að því að þetta séu þau hugtök sem mest eru notuð á heimilum í daglegu lífi. Ekki er nógu mikill munur á milli þekkingar nemenda Hagaskóla og Réttarholtsskóla til að færa hann heim á aukna kennslu í fjármálalæsi.

Skoðum aðeins hugtökin áfram og nú muninn á strákum og stelpum. Af 18 hugtökum sem spurt var um voru fleiri stelpur sem höfðu heyrt um 12 þeirra.




Mynd 6 Hugtakalisti, kyn

Það sést hér að stelpurnar standa sig í við betur en strákarinnir þó að munurinn sé ekki mikill. Það kom skýrsluhöfundurinn þó ekki á óvart, þar sem þær voru með hærri meðaleinkunn. Munurinn getur skýrst af því að yfirleitt eru stelpur samviskusamari og alvarlegri en strákar.


## 5.2 Skilgreiningar á fjármálum

Í spurningum 2 – 12 var spurt um fjármál. Nemendur áttu að merkja við þá fullyrðingu sem þeir töldu vera rétta. Muninn milli skólanna tveggja má sjá á mynd 7. Nemendur Réttarholtsskóla svöruðu oftar spurningunum rétt, 7 af 11. Ekki benda niðurstöður til þess að aukin fjármálalæsiskennta sé að skila settu takmarki.



Mynd 7 Þekking á fjármálaskilgreiningum, skólar

Niðurstöður voru skoðaðar út frá sömu spurningum með tilliti til kynja. Þá kom í ljós að stelpurnar voru oftast með rétt svar eða við 6 spurningum af 11. Strákarnir voru oftast með rétt svör við 3 spurningum. Stelpurnar hafa því staðið sig betur hingað til í báðum hlutum könnunarinnar



Mynd 8 Þekking á fjármálaskilgreiningum, kyn

Borin voru saman rétt svör við spurningum um fjármál og greint niður á bekk, tafla 2 sýnir þann fjölda í % sem svaraði hverri spurningu rétt. Það sést nokkuð skýrt hvaða spurningar nemendur hafa litla þekkingu á, lágur tölur verða þá


sjáanlegar hjá öllum bekkjum. Fæst rétt svör bárust við spurningunni um verkalýðsfélög, þar yfirsást nemendum að 2 fullyrðingar voru réttar og merktu því bara við aðra. Til að mynda vissu þau að verkalýðsfélög semja um kaup og kjör við atvinnurekendur en ekki að þau leigi sumarhús út til félagsmanna sinna.

Tafla 2 Rétt svör um fjármál, samanburður bekkja og skóla

| Spurningar            | 8. bekkur |                  | 9. bekkur |                  | 10. bekkur |                  |
|-----------------------|-----------|------------------|-----------|------------------|------------|------------------|
|                       | Hagaskóli | Réttarholtsskóli | Hagaskóli | Réttarholtsskóli | Hagaskóli  | Réttarholtsskóli |
| Skattur               | 70,0      | 60,5             | 83,3      | 84,8             | 83,3       | 79,6             |
| Skattkort             | 72,5      | 67,4             | 91,7      | 73,9             | 86,1       | 83,7             |
| Persónuafsláttur      | 17,5      | 25,6             | 29,2      | 21,7             | 19,4       | 36,7             |
| Verklýðsfélög         | 12,5      | 9,3              | 12,5      | 4,3              | 16,7       | 18,4             |
| Verktakar             | 20,0      | 18,6             | 12,5      | 37,0             | 41,7       | 26,5             |
| Lífeyrissjóðir        | 15,0      | 25,6             | 16,7      | 30,4             | 25,0       | 24,5             |
| Debetkortareikningur  | 87,5      | 88,4             | 75,0      | 89,1             | 83,3       | 89,8             |
| Kreditkortareikningur | 70,0      | 74,4             | 70,8      | 80,4             | 88,9       | 81,6             |
| Vextir                | 38,5      | 48,8             | 26,1      | 43,2             | 33,3       | 49,0             |
| Launafólk             | 94,9      | 87,8             | 95,7      | 100,0            | 100,0      | 89,8             |
| Skattþrep             | 38,5      | 40,8             | 39,1      | 33,3             | 30,6       | 34,0             |

### 5.3 Athafnir í daglegu lífi


Til að reyna að svara seinni rannsóknarspurningunni voru lagðar fyrir nemendum spurningar um kostnað á vöru og þjónustu sem þau nota daglega. Seinni rannsóknarspurningin var um það hvort nemendur geri sér grein fyrir því hvað föt og annað sem þau nota daglega kostar. Þetta voru spurningar 15 – 24 í könnuninni. Nemendur Hagaskóla koma betur út í þessum hluta könnunarinnar, þeir voru oftast með rétt svör eða við 6 spurningum af 10. Alveg jafnmargir vissu svarið við spurningu 24, hvort er dýrara að versla í Krónunni eða Hagkaup.



Mynd 9 Kostnaður við daglegar athafnir, skólar

Leiða má líkur að því að hér sé að skila sér hin aukna kennsla í fjármálalæsi sem Hagaskóli er þátttakandi að. Unglingarnir eru orðnir meðvitaðri um umhverfi sitt og taka betur eftir hvað vara og þjónusta kostar.

Þegar greindar eru niðurstöður sömu spurninga með tilliti til kynja kemur í ljós að það er líttill sem enginn munur. Fleiri stelpur eru með rétt svör við 5 spurningum en strákar við 4 og jafnt hlutfall með rétt svör við 1 spurningu. Það er skemmtilegar að sjá að fleiri stelpur vita hvað Converse ökkklaskór kosta eða 66% en það snýst aldeilis við þegar spurt var um kostnað við netáskrift í 1 mánuð, þá voru strákar oftast með rétt svar eða 62%.



Mynd 10 Kostnaður við daglegar athafnir, kyn

Við samanburð á réttum svörum sem bárust við spurningum um athafnir í daglegu lífi er ekki hægt að sjá nein tengsl milli aldurs og þekkingar. Samanburðinn má sjá í töflu 3 hér að neðan. Niðurstöðurnar gefa ekki vísbendingar um að eldri nemendur séu meðvitaðri um kostnað en þeir sem yngri eru. Flest vissu þau hvort var dýrara að versla í Krónunni eða Hagkaup. Einnig vissu margir hvað 1 ferð með strætó kostaði en það kom skýrsluhöfundu á óvart að ekki fleiru vissu hvað kostaði að fara í sund og bíó.

Tafla 3 Rétt svör um kostnað við daglegar athafnir, samanburður bekkja og skóla


| Spurningar     | 8. bekkur |                  | 9. bekkur |                  | 10. bekkur |                  |
|----------------|-----------|------------------|-----------|------------------|------------|------------------|
|                | Hagaskóli | Réttarholtsskóli | Hagaskóli | Réttarholtsskóli | Hagaskóli  | Réttarholtsskóli |
| Bíómiði        | 50,0      | 23,3             | 41,7      | 23,9             | 50,0       | 51,0             |
| Stöð 2         | 20,0      | 30,2             | 29,2      | 28,3             | 41,7       | 36,7             |
| iPhone         | 30,0      | 23,3             | 33,3      | 37,0             | 44,4       | 20,4             |
| Sund           | 57,5      | 53,5             | 54,2      | 52,2             | 55,6       | 65,3             |
| Strætó         | 82,5      | 60,5             | 87,5      | 78,3             | 88,9       | 91,8             |
| Netáskrift     | 20,0      | 5,0              | 16,7      | 8,7              | 5,6        | 2,0              |
| Coke Cola      | 45,0      | 37,2             | 41,7      | 45,7             | 66,7       | 57,1             |
| Pizza          | 17,5      | 9,3              | 20,8      | 15,2             | 36,1       | 36,7             |
| Converse       | 15,0      | 23,3             | 25,0      | 39,1             | 30,6       | 14,3             |
| Dýrari verslun | 82,5      | 76,7             | 75,0      | 78,3             | 80,6       | 83,7             |

## 5.4 Almennar spurningar

5 spurningar er hægt að telja til almennra spurninga og eru þær eftirfarandi:

1. Hvar færð þú helst upplýsingar um fjármál?
2. Myndir þú vilja meiri kennslu í fjármálum?
3. Hvaða námi hefur móðir þín lokið?
4. Hvaða námi hefur faðir þinn lokið?
5. Hefur þú verið í vinnu og fengið greidd laun fyrir?


Mynd 11 sýnir hvar algengast var að fá upplýsingar um fjármál að meðaltali hjá nemendum beggja skóla. Algengast er að nemendur fái upplýsingar um fjármál hjá foreldrum. Næst flestir merktu við að þeir fengu upplýsingarnar annarsstaðar og var þá sjónvarpið oftast nefnt.



Mynd 11 Upplýsingar um fjármál, skólar


Nemendur Hagaskóla fá næst oftast upplýsingar um fjármál í skólanum, 16% þeirra fengu upplýsingar þar en aðeins 3% nemenda Réttarholtsskóla. Næst algengast var að nemendur Réttarholtsskóla fengju sínar upplýsingar annarstaðar, 16% þeirra merktu við þann kost og nefndu sjónvarpið oftast. Hér skilar sér sú aukna kennsla sem Hagaskóli fær vegna tilraunaverkefnisins.

Sama gildi þegar kynin voru skoðuð, foreldrar eru alltaf þeir sem unglingarnir fá oftast upplýsingar hjá. Áfram er það sjónvarpið sem er stór upplýsingagjafi en einnig netið, 13% stráka leita upplýsinga þar en aðeins 7% stelpna.




Mynd 12 Upplýsingar um fjármál, kyn

Nemendur voru beðnir að svara spurningunni hvort þau vildu meiri kennslu í fjármálum, mikill meirihluti þeirra í báðum skólum var jákvæður. Töluvert var um að nemendur Réttarholtsskóla væru ekki vissir, 14% þeirra voru ekki viss en 5% nemenda Hagaskóla.



Mynd 13 Viltu meiri kennslu í fjármálum, skólar


Sama var uppi á teningnum hjá báðum kynjum. Mikill meirihluti nemenda var jákvæður í garð frekari kennslu og skipti kyn þar engu máli. Algengara var þó að stelpurnar væru óvissari, 21% á móti 16% strákanna.



Mynd 14 Villtu meiri kennslu í fjármálum, kyn




Mismunandi svörun var milli bekkja og voru 10. bekkingar áhugasamastir um meiri fjármálakennslu. Hátt í 80% 10. bekkinga vildi meiri kennslu en innan við 60% hinna bekkjanna tveggja. Andstaðan við meiri kennslu minnkaði eftir því sem unglingarnir urðu eldri. Það kom á óvart hve margir 9. bekkingar svöruðu „veit ekki“, 29% þeirra gátu ekki gert upp hug sinn.



Mynd 15 Viltu meiri kennslu í fjármálum, bekkir

Marktektarpróf var gert fyrir þessa breytu og einkunn, prófið sýndi ekki marktæk tengsl milli þess að ganga vel í könnuninni og vilja meiri kennslu, p-gildi  $0,12 > 0,05$  og því engin tengsl.


Spurt var um nám sem foreldrar höfðu lokið. Langflestir foreldrar höfðu lokið háskólanámi og einnig höfðu margir lokið framhaldsnámi í háskóla eða stunduðu það á meðan könnunin fór fram. Mjög fáir höfðu aðeins lokið grunnskólanámi, 5% foreldra nemenda við Hagaskóla og 6% við Réttarholtsskóla.



Mynd 16 Nám sem foreldrar hafa lokið, skólar


Algengara var að mæður væru með háskólamenntun, 78% þeirra hafði lokið háskólamenntun og 63% fedra. Næst algengasta menntunarstig fedra var iðnskólamenntun og framhaldsskólamenntun hjá mæðrum.

Mikill meirihluti unglunga hefur verið í vinnu og þegið laun fyrir, 70% nemenda Hagaskóla og lítið færri í Réttarholtsskóla eða 64%. Hærra hlutfall nemenda við Réttarholtsskóla hefur ekki verið í vinnu, 36%.




Mynd 17 Hefurðu verið í launaðri vinnu, skólar

Örlítið fleiri stelpur hafa verið í launaðri vinnu, 51% þeirra á móti 49% stráka.



Mynd 18 Hefurðu verið í launaðri vinnu, kyn

Þegar sama spurning er skoðuð með tilliti til bekkja sést að þeim fjölgar með árunum sem hafa verið í launaðri vinnu. Þetta verður að teljast eðlileg þróun. Það vekur athygli að rúm 50% nemenda í 8. bekk hefur verið í launaðri vinnu, og tæp 90% nemenda í 10. bekk.



Mynd 19 Hefurðu verið í launaðri vinnu, bekkir

## 6 Umræður og tillögur til úrbóta

Hugtakið fjármálalæsi var ekki í umræðunni hér á landi fyrr en árið 2005 þegar Stofnun um fjármálalæsi var sett á laggirnar. Helstu markmið stofnunarinnar er að auka fjármálalæsi almennings, velferð og öryggi í meðferð fjármála. Stofnunin hefur búið til kennsluefni sem kennt er í framhaldsskólum um land allt og einnig komið að þýðingu og aðlögun á kennsluefni Aflatúns sem er ætlað börnum á grunnskólaaldri, 6 – 14 ára.

Aðalstyrktaraðili Stofnunar um fjármálalæsi er Arion banki. Hann hefur einnig haldið fjöldann allan af námskeiðum um land allt, bæði fyrir unglinga og fullorðna. Þar er hagfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Jón Jónsson fremstur í flokki. Námsgagnastofnun er sú stofnun sem samkvæmt lögum á að sjá grunnskólunum fyrir námsefni. Í 3. grein laga um námsgögn segir:

Hlutverk Námsgagnastofnunar er að leggja grunnskólum til námsgögn í samræmi við meginmarkmið náms og kennslu á grunnskólastigi samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá. Stofnunin ber ábyrgð á gerð, útgáfu, framleiðslu og dreifingu námsgagna sem hún framleiðir í samræmi við ákvæði laga þessara (Lög um námsgögn nr. 71/2007).

Nú þegar er til námsefni hjá Námsgagnastofnun sem henta myndi öllum börnum á grunnskólaaldri. Hægt er að nefna bækurnar Auraráð, Fjármálalæsi – fjármál einstaklinga og Kennsluþing. Að auki mætti nota þá tölvuleiki sem til eru eins og Raunveruleik Landsbankans.

Mjög ólíklegt verður að teljast að allt þetta efni sem til er verði notað fyrr en breytingar hafa verið gerðar á aðalnámskrá grunnskóla. Það þarf að koma fjármálalæsi inn í aðalnámskrár því það er hlutverk grunnskólans í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi.

Fjármálalæsi unglinga og ungs fólks á Íslandi er ekki ásættanlegt. Þessi rannsókn sýnir það ásamt fleiri rannsóknum sem gerðar hafa verið meðal framhaldsskólanema. Til að bæta úr ástandinu þarf að koma til samstillts átaks fjármálastofnana, ríkis og sveitarfélaga. Það þarf markvisst að auka vægi fjármálalæsis með því að setja það inn í aðalnámskrár bæði grunn- og framhaldsskóla. Ákveða þarf hve marga tíma á viku á að kenna og taka þetta

föstum tókum. Eins og kom fram í máli Ragnhildar Guðjónsdóttur, verkefnisstjóra á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, er ekki notast við samrýmt kennsluefni við tilraunakennsluna núna. Hver kennari notast við það efni sem hann hefur áhuga á að nota og getur náð í. Það gefur því augaleið að kennsla milli skóla er eins ólík og kennararnir eru margir. Það er því brýn nauðsyn að safna saman og nota það námsefni sem til er og hanna síðan nýtt efni sem er skemmtilegt og hvetjandi fyrir börn og ungt fólk. Náms efnið verður að henta hverjum aldurshópi fyrir sig, vera áhugavert og líkt því sem fólk þarf að takast á við í raunveruleikanum. Nú þegar er til leikur sem nýttur er við kennslu í fjármálalæsi, það er Raunveruleikur Landsbankans. Meðan unnið var að verkefninu var nýjum fjármálalæsisleik hleypt af stokkunum, leikurinn ber heitið Óskalistinn. Honum er ætlað að auka áhuga nemenda á eigin fjármálum og þar þurfa þátttakendur að hugsa til framtíðar og ráðstafa framtíðartekjum en öllum grunnskólum stendur til boða að nýta leikinn við fjármálalæsis kennslu. Leikurinn var hannaður af nemendum í MPM námi í Háskólanum í Reykjavík. Byrjað var að nota leikinn í byrjun alþjóðlegrar fjármálalæsisviku sem stóð yfir dagana 10. – 17. mars 2014. Þetta er í fyrsta skipti sem Ísland tekur þátt, en alls taka yfir 100 lönd þátt í öllum heimsálfum. Hollensku góðgerðarsamtökin Child and Youth Finance Internation (CYFI) standa að baki áttakinu um aukið fjármálalæsi á heimsvísu. Alþjóðleg fjármálalæsis vika á Íslandi er hluti af átaki CYFI (Stofnun um fjármálalæsi – d., 2014). Þátttaka er mikilvægur hluti þess að auka umtal og athygli á þessu málefni sem allar þjóðir heims hafa þónokkrar áhyggjur af. Það leikur enginn vafi á því að aukið fjármálalæsi mun bæta lífsskjör fólks og auka öryggi þess að takast á við þær áskoranir sem mæta þeim á lífsleiðinni.

Þjóðir heims ættu að taka sig saman og nota þá þekkingu sem til staðar er nú þegar, við gerð námsefnis að ýmsu tagi til dæmis bóka og tölvuleikja. Einnig geta þær nýtt sér staðlaða könnun OECD til að fylgjast með árangrinum þó nauðsynlegt geti reynst að aðlaga spurningar og þýða texta.

Flestir nemendur sem tóku þátt í þessari rannsókn fá upplýsingar um fjármál hjá foreldrum. Það er gott og gilt en að lítill hluti nemenda fái upplýsingar um fjármál í skólum eins og raun ber vitni er umhugsunarefni. Aðeins 4%

nemenda í 8. bekk, 21% í 9. bekk og 12% í 10. bekk. Ljóst er að auka þarf fjármálalæsiskenndu til muna. Það var þó greinilegt að aukin fjármálakennsla Hagaskóla skilaði sér því 16% nemenda þeirra fá upplýsingar í skólanum.

Engin heildstæð stefna er til um námsefni og kennsluaðferðir og sú staðreynd að kennarar ráði hvort þeir kenna fjármálalæsi eða ekki, hlýtur að koma niður á gæðum kennslunnar. Það má vera að einhverjir kennarar þurfi að fara á námskeið til að geta kennt efni tengt þessu en þróun í starfi hefur alltaf þótt jákvæð og góð. Þeir ættu að leggja metnað sinn í að gera það vel. Þegar hér er komið við sögu skjóta upp kollinum spurningar eins og þessar; Getur verið að sú fræðsla sem fyrir hendi er sé hvorki áhugaverð né raunveruleg? Sýna kennarar fjármálalæsi lítinn áhuga sem hefur svo áhrif á unglingana? Þessum spurningum verður ekki svarað hér en þetta eru spurningar sem kennarar og stjórnendur ættu að velta fyrir sér.

Jákvæðni í garð frekara náms tengdu fjármálum var sterkari hjá nemendum Hagaskóla, yfir 70% sýndu áhuga á meiri kenndu. Við það vaknar spurningin um það hvort að lítill áhugi á frekari kenndu stafi af því að þau vita lítið hvernig fjármálalæsiskenndu er háttað. Þegar þau svo hafa fengið reynslu af kenndunni verða þau jákvæðari.

Það sem vakti mesta undrun skýrsluhöfundar var sú staðreynd að langflestir foreldrar höfðu lokið einhverskonar háskólamenntun, yfir 70% allra foreldra. Það er greinilegt að menntunarstig er hátt á Íslandi. Hátt menntunarstig hefur þó ekki í för með sér aukna þekkingu barna á fjármálatengdum hugtökum eða þau séu meðvituð um kostnaðinn við daglegar athafnir. Það má því leiða líkur að því að foreldrar treysti á skólana til að fræða börn sín og unglinga um fjármál.

Einnig leiddi rannsóknin það í ljós að yfir 65% þessara barna hafði einhvern tímann verið í launaðri vinnu. Börn byrja mjög ung að vinna á Íslandi og þá þyrfti að vera búíð að kenna þeim það helsta sem snýr að peningum og stjórnun fjármála. Unglingar verða þó ekki fjárráða hér á landi fyrr en þau ná 18 ára aldri en þau gætu tekið þátt í að stjórna í hvað peningarnir þeirra fara af meiri

ábyrgð en þau gera ef til vill í dag ef þau kynni meira til verka. Það ætti að byrja að kenna börnum á Íslandi ákveðna lágmarkspækkingu strax í neðri bekkjum grunnskóla sem byggt er svo ofan á eftir því sem ár og þroski leyfa. Að þeirri vinnu þurfa allir að koma að, foreldrar, skólar, fjármálastofnanir og jafnvel atvinnulífið í heild sinni. Allir þessir aðilar ættu að vinna saman að því að gera líf barna og unglunga sem best og veita þeim það öryggi sem þau þurfa á að halda. Oft hefur verið sagt að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn, það máltæki á svo sannarlega á líka við hér.

## 7 Niðurstöður

Lagt var upp með tvær rannsóknarspurningar í upphafi, þær voru:

- Þarf að efla kennslu í fjármálalæsi meðal unglunga í efstu stigum grunnskóla?
- Gera nemendur sér grein fyrir því hvað föt og annað sem þau nota daglega kostar?

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fjármálalæsi unglunga sé ekki gott og að kennslu þurfi að efla og auka. Koma þarf fjármálalæsiskenndu inn í aðalnámskrá grunnskóla og auka kennslu á markvissan hátt. Mikil aukning á þessari umræðu undanfarin ár gefur góð fyrirheit um breyttar áherslur í þessum málaflokk. Ísland er nú í fyrsta skipti þátttakandi í alþjóðlegri fjármálalæsisviku. Þetta er vonandi bara byrjunin á því að þjóðin feti sig í rétta átt í þessum efnum. Það væri óskandi að fjármálalæsisvikan að ári fengi enn meiri umfjöllun og athygli í fjölmiðlum.

Rannsóknin sýnir mikinn áhuga nemenda á aukinni kennslu, meira en helmingur allra nemenda sem tóku þátt vilja meiri fræðslu um fjármál. Áhuginn var þó sýnilega meiri hjá nemendum Hagaskóla sem nú þegar hefur aukið kennslu í fjármálalæsi og eykst hann eftir því sem nemendur eldast. Niðurstöðuna má túlka á þann hátt að þau finni sjálf breytingu með aukinni vitneskju og að þau séu öruggari í sínum fjármálum.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að unglingar í efstu bekkjum grunnskóla hafi litla verðvitund og þau geri sér illa grein fyrir hvað hlutir kosta. Auðvitað er það svo að þau fá oft þessa hluti upp í hendurnar og þurfi því lítið að velta sér upp úr kostnaði og því að hafa efni á hlutunum. Það var því ánægjulegt að sjá að flest vissu þau hvort væri ódýrara að versla í Krónunni eða Hagkaup og hvað kostaði í sund og strætó. Þetta er sú þjónusta sem unglingar á þessum aldri nota hvað mest.



Niðurstaða rannsóknarinnar sýnir ennfremur að strax í grunnskóla fara unglingar að vinna sér inn tekjur. Það hlýtur því að teljast eðlilegt að þau hafi einhverja hugmynd út í hvað þau eru að fara og hafi þá þekkingu og öryggi sem þarf til að getað bjargað sér.

# Heimildaskrá

## Ritaðar heimildir

Amalía Björnsdóttir. (2013). Útskýringar á helstu tölfræðihugtökum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 169-182). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

Atkinson, A. og Messy, F. (2012). Measuring Financial Literacy: Results of the OECD / International Network on Financial Education (INFE) Pilot Study. *OECD Working Paper on Finance, Insurance and Private Pensions, No. 15*, OECD Publishing. DOI:[10.1787/20797117](https://doi.org/10.1787/20797117).

Breki Karlsson. (2010). *Ferð til fjár – leiðarvísir um fjármál fyrir ungt fólk*. Reykjavík: ABCD ehf.

Chinen, K. og Endo, H. (2012). Effect of Attitude and Background on Students Personal Financial Ability: A United States Survey. *International Journal of Management, Supplement, 29(2)*, 778 -791. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1020691031/51297C0B44654619PQ/33?accountid=49537>

Hill, R. og Perdua, G. (2008). A Methodological Issue in the Measurement of Financial Literacy. *Journal of Economics and Economic Education Research*, 9(2), 43 – 59. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/215479418>

Margrét Sæmundsdóttir, Jóna Björk Guðnadóttir, Ásta S. Helgadóttir, Matthildur Sveinsdóttir, Stefán Jóhann Stefánsson og Sölvi Sveinsson. (2009). *Fjármálalæsi á Íslandi*. Reykjavík: Skýrsla nefndar á vegum viðskiptaráðherra. Sótt af [http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Fjarmalalasi\\_-\\_feb2009.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Fjarmalalasi_-_feb2009.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefingarnamskrar/adalnamskra-grunnskola/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011*. Reykjavík. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/adalnamskra-framhaldsskola/>

OECD. (2005). *Improving Financial Literacy. Analysis of Issues and Policies*. DOI:[10.1787/9789264012578-en](https://doi.org/10.1787/9789264012578-en)

Shahrabani, S. (2013). Financial Literacy Among Israeli College Students. *Journal of Collage Student Development*, 54(4), 439 – 446

Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2013). Úrtök og úrtaksaðferðir í meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 113-128). Akureyri: Háskólinn á Akureyri

## Rafrænar heimildir

Alþingi. (2014). Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Sótt 17. janúar 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>

Alþingi. (2013). Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Sótt 9. janúar 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/142/2008091.html>

Alþingi. (2007). Lög um námsgögn nr. 71/2007. Sótt 30. mars 2014 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007071.html>

Arion banki. (e.d.). Fræðsla. Sótt 29. janúar 2014 af <https://www.arionbanki.is/einstaklingar/fraedsla/>

Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum. (e.d.). *Fjárinn, fjármála- og neytendafræðsla*. ætlað framhaldsskólum. Sótt 3. febrúar 2014 af <http://www.flif.ki.is/Fjarinn.htm>

Íslandsbanki - a. (e.d.). Fjármálafræðsla. Sótt 29. janúar 2014 af <http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/fjarmalin-min/fjarmalafraedsla/>

Íslandsbanki - b. (e.d.). Fjármálin mín. Sótt 3. febrúar 2014 af <http://www.islandsbanki.is/einstaklingar/fjarmalin-min/fjarmalafraedsla/timarit-um-fjarmal/>

Landsbankinn. (e.d.). Fjármálafræðsla. Sótt 29. janúar 2014 af

<http://www.landsbankinn.is/einstaklingar/afgreidslaogthjonusta/fjarmalafraedsla/>

Meniga. (e.d.). Fræðsla. Sótt 5. febrúar 2014 af <http://meniga.is/Education>

Sparisjóðirnir. (e.d.). Sótt 29. janúar 2014 af <http://www.sparisjodirnir.is/>

Stofnun um fjármálalæsi - a. (e.d.). *Rannsóknir*. Sótt 20. janúar 2014 af

<http://www.fe.is/rannsoknir/>

Stofnun um fjármálalæsi - b. (e.d.). *Um stofnunina*. Sótt 17. janúar 2014 af

<http://www.fe.is/umstofnunina/>

Stofnun um fjármálalæsi – c. (e.d.). *Um Aflatún*. Sótt 3. febrúar 2014 af

<http://www.fe.is/aflatun-um/>

Stofnun um fjármálalæsi – d. (2014). *Alþjóðleg fjármálalæsisvika 10. – 17. Mars. Fjölbreytt dagskrá í heila viku vekur börn og ungmenni til vitundar um fjármál*. Sótt 16. mars

2014 af <http://www.fe.is/>

Umboðsmaður skuldara. (e.d.). Sótt 20. janúar 2014 af <http://www.ums.is/>

## Munnlegar heimildir

Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir. (2014). Verkefnisstjóri tilraunaverkefnis um að efla fjármálafræðslu í grunn- og framhaldsskólum á vegum Mennta- og Menningarmálaráðuneytisins. *Upplýsingar um tilraunaverkefnið*. Spurningar sendar í tölvupósti, svör bárust í 3. janúar og 10. febrúar 2014.

# Viðauki 1

Kæri nemandi.

Þessi könnun er liður í B.S verkefni mínu í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri.

Henni er ætlað að kanna fjármálalæsi og verðvitund grunnskólanema á efsta stigi. Þín þátttaka skiptir miklu máli og mikilvægt er að þú svarir öllum spurningum eftir bestu getu. Könnunin er nafnlaus og ekki hægt að rekja svör til einstaklinga, fyllsta trúnaðar er heitið. Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til að svara rannsóknarspurningum verkefnis míns um það hvort frekari fjármálakennslu er þörf í efstu bekkjum grunnskóla og hvort nemendur séu meðvitaðir um kostnaðinn sem fylgir daglegum athöfnum.

Með fyrirfram þökk

Klara Guðbjörnsdóttir

Nemandi í viðskiptafræði við Háskólann á Akureyri

## Spurningar um fjármál

1. Merktu við öll hugtök sem þú hefur heyrt talað um
  - a. skattur
  - b. persónuafsláttur
  - c. stéttarfélag
  - d. vextir
  - e. lán
  - f. verðbólga
  - g. yfirdráttur
  - h. kreditkort
  - i. debetkort
  - j. lífeyrissjóður
  - k. ellilífeyrir
  - l. skattþrep
  - m. viðbótarlífeyrissparnaður
  - n. heimabanki

- o. greiðsludreifing
- p. eindagi
- q. gjalddagi
- r. ábyrgðarmaður

## 2. Skattur

- a. er ákveðinn af fyrirtækjum
- b. eru gjöld sem einstaklingar og fyrirtæki borga til að mæta sameiginlegum kostnaði þjóðfélagsins svo sem halda að uppi heilbrigðiskerfi
- c. eru gjöld sem hver einstaklingur ákveður að borga til að halda uppi heilbrigðiskerfi og menntakerfi o.fl.
- d. eru gjöld sem fólk ræður hvort það borgar eða ekki
- e. liðir a og b eru réttir

## 3. Skattkort

- a. er kveðja frá skattstjóra
- b. er jólakort frá skattayfirvöldum til vinnandi fólks
- c. fá þeir sem eru eldri en 16 ára til að afhenda vinnuveitenda sínum
- d. er sameiginlegt fyrir alla í fjölskyldunni
- e. liðir c og d eru réttir

## 4. Persónuafsláttur

- a. er persónulegur afsláttur sem einstaklingar eldri en 16 ára fá í verslunum
- b. er afsláttur sem leikarar fá þegar þeir fara í leikhús
- c. er alltaf sama talan óháð því hvað einstaklingar hafa í laun
- d. er skattaafsláttur sem einstaklingar eldri en 16 ára fá
- e. allir liðir hér að ofan eru rangir

## 5. Verkalýðsfélög

- a. hjálpa okkur að safna pening svo við eigum einhvern pening þegar við hættum að vinna
- b. eru óþörf
- c. leigja okkur sumarhús á lágu verði
- d. semja um kaup og kjör við atvinnurekendur

e. liðir c og d eru réttir

6. Verktakar

- a. þurfa sjálfir að sjá um að borga sína skatta og gjöld
- b. eru útlendingar sem taka vinnu af Íslendingum
- c. taka að sér verkefni en eru ekki fastráðnir.
- d. þiggja ekki laun fyrir vinnu sína.
- e. Liðir a og c eru réttir.

7. Lífeyrissjóðir

- a. tryggja sjóðfélögum ellilífeyri til æviloka
- b. greiðir örorkulífeyri verði sjóðfélagi óvinnufær
- c. er skylda að borga í
- d. veita lán til sjóðfélaga gegn fasteignaveði
- e. allir liðir hér að ofan eru réttir.

8. Debetkortareikningur verður að hafa innistæðu til að hægt sé að greiða með debetkorti.

- a. rétt
- b. rangt

9. Kreditkortareikningur greiðist eftir að kortið hefur verið notað.

- a. rétt
- b. rangt

10. Vextir eru leiga sem greidd er fyrir afnot af peningum.

- a. rétt
- b. rangt

11. Launafólk greiðir enga skatta

- a. rétt
- b. rangt

12. Skattþrep á Íslandi eru tvö

- a. rétt
- b. rangt

13. Hvar færð þú helst upplýsingar um fjármál?

- a. Hjá foreldrum
- b. Hjá vinum eða kunningjum
- c. Í skólanum
- d. Í banka
- e. Á netinu
- f. Annars staðar. Hvar? \_\_\_\_\_

14. Myndir þú vilja meiri kennslu í fjármálum?

- a. Já
- b. Nei
- c. Veit ekki

### **Hvað kosta athafnir í daglegu lífi**

15. Hvað kostar bíómiði fyrir einn á venjulega sýningu í Kringlubíó, ekki 3D eða tilboð?

- a. 500 kr.
- b. 750 kr.
- c. 1.300 kr.
- d. 900 kr.
- e. 1.100 kr.

16. Hvað kostar áskrift af Stöð 2 í einn mánuð?

- a. 4.990 kr.
- b. 7.990 kr.
- c. 8.990 kr.
- d. 5.990 kr.
- e. 3.990 kr.



17. Hvað kostar iPhone 5c 16 GB hjá Nova?

- a. 89.990 kr.
- b. 109.990 kr.
- c. 126.990 kr.
- d. 99.990 kr.
- e. Veit ekki

18. Hvað kostar að fara einu sinni í sund í Reykjavík ef þú átt ekki kort?

- a. það er ókeypis
- b. 90 kr.
- c. 110 kr.
- d. 130 kr.
- e. 150 kr.

19. Hvað kostar ein stök ferð með strætisvagni á höfuðborgarsvæðinu, borgað með peningum?

- a. 200 kr.
- b. 250 kr.
- c. 300 kr.
- d. 350 kr.
- e. 400 kr.

20. Hvað kostar 1 GB spjaldtölvuáskrift/netþjónusta hjá Nova í einn mánuð?

- a. 1.190 kr.
- b. 990 kr.
- c. 1.390 kr.
- d. 1.590 kr.
- e. Veit ekki

21. Hvað kostar ½ lítri af Coke Cola í verslunum 10-11 (ekki á tilboði)?
- a. 299 kr.
  - b. 198 kr..
  - c. 205 kr.
  - d. 315 kr.
  - e. 305 kr.
22. Hvað kostar stór pizza með 2 áleggstegundum á tilboði hjá Dominos Pizza?
- a. 1.000 kr.
  - b. 1.799 kr.
  - c. 990 kr.
  - d. 1.490 kr.
  - e. 1.590 kr.
23. Hvað kosta Converse skór (þessir hefðbundnu ökkaskór) í Focus Kringlunni?
- a. 11.995 kr.
  - b. 12.999 kr.
  - c. 14.995 kr.
  - d. 13.995 kr.
  - e. Veit ekki
24. Hvort er dýrara að versla í Krónunni eða Hagkaup?
- a. Hagkaup
  - b. Krónunni

### **Almennar spurningar**

25. Hvaða námi hefur móðir þín lokið?
- a. Grunnskólanámi
  - b. Framhaldsskólanámi
  - c. Iðnnámi
  - d. Háskólanámi

e. Öðru námi. Hverju? \_\_\_\_\_

26. Hvaða námi hefur faðir þinn lokið?

- a. Grunnskólanámi
- b. Framhaldsskólanámi
- c. Iðnnámi
- d. Háskólanámi
- e. Öðru námi. Hverju? \_\_\_\_\_

27. Hefur þú verið í vinnu og fengið greidd laun fyrir?

- a. Já
- b. Nei

28. Kyn

- a. Karl
- b. Kona

29. Bekkur

- a. 8. bekkur
- b. 9. bekkur
- c. 10. bekkur

30. Í hvaða skóla ertu?

\_\_\_\_\_